

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

10. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 4. október 2016 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Þórunn Ansnes (Sörli), Þórarinn Sófusson (GSE), Magnús Gunnarsson (Haukar), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Ingvar Kristinsson (Björk). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Viðar Halldórsson (FH). Áheyrnarfulltrúi: Pétur Th. Pétursson (Þytur).

## Dagskrá:

### 1. Þjálfarastyrkir ÍSÍ 2016

Bréf frá ÍSÍ um þjálfarastyrki frá 12.09.2016 kynnt. Umsóknarfrestur var 2. október sl., því hafði bréfið verið sent rafrænt á félögin. ÍSÍ óskar eftir umsóknum um þjálfarastyrki einu sinni á ári og er hver styrkur kr. 100.000.

### 2. Bréf til ÍSÍ vegna óskar áhugafólks um frísbíggj um að stofna íþróttafélag innan ÍBH

Bréf sem ÍBH ritaði framkvæmdastjórn ÍSÍ um efnið 13. september sl. lagt fram til kynningar.

### 3. Bréf til bæjarráðs vegna niðurgreiðslna í íþrótt- og tómsundastarf

Bréf sem ÍBH ritaði bæjarráði 21. september sl. lagt fram til kynningar.

### 4. ÍSÍ fréttir 23.09.2016

Athygli fundarmanna vakinn á rafrænu tímariti ÍSÍ fréttum sem birtist í september sl. á heimasíðu ÍSÍ.

### 5. Reglur um sérstakan sjóð sem styður þátttöku barna með fatlanir í íþrótt- og tómsundastarf

Drög að reglunum lögð fram til kynningar og umsagnar. Fundarmenn beðnir um að skila athugasemdu/umsögn um reglurnar til skrifstofu ÍBH í síðasta lagi fyrir föstudaginn 7. október nk. Í nýjum þjónustusamningum Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélög er vísað til reglnanna til umsóknar á fjárstuðningi fyrir stuðningsfulltrúa fatlaðra barna í almennum íþróttahópum.

### 6. Skörun á skólatíma og tíma frístundastarfs

Bréf frá íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar frá 30. september sl. lagt fram til kynningar. Í bréfinu kemur fram að á skólastjórafundi hafi komið fram að unglingar séu að biðja um frí eftir hádegi í skóla með milligöngu foreldra sinna til að fara á íþróttæfingar. Nemendur á unglingsstigi eru í skóla til kl. 16.00 virka daga og eru íþróttafélögin beðin um að hefja ekki íþróttæfingar fyrr en eftir þann tíma.

### 7. Ráðstefnan – Sýnum karakter. Vefsíða

Fór fram í Háskólanum í Reykjavík (HR) 1. október sl., uppselt var á ráðstefnuna og almenn ánægja með hana. Í lokin var opnuð vefsíða [www.synumkarakter.is](http://www.synumkarakter.is) og er hlutverk hennar að miðla upplýsingum til iðkenda, þjálfara, stjórnarfélks í íþróttafélögum og forráðamanna barna. Hægt er að senda efni til birtingar á vefsíðunni í netfangið [synumkarakter@synumkarakter.is](mailto:synumkarakter@synumkarakter.is).

- 8. Nýjar tölur úr Felixkerfinu til að reikna út lottótekjur til aðildarféлага ÍBH**  
Lagðar fram til kynningar. Ekki var hægt að keyra út réttar tölur úr kerfinu fyrir FH, gera þarf lagfæringar í kerfinu sem verða gerðar næstu daga. Skrifstofa ÍBH sendir fundarmönnum iðkendaskjalið rafrænt til samþykktar um leið og lagfæringarnar hafa átt sér stað.
- 9. Formannafundur ÍBH 2016 – breytt dagsetning**  
Formannafundurinn átti að vera 5. nóvember nk. En búið er að fresta honum til laugardagsins 12. nóvember nk. kl. 9.00-13.30 í félagsheimili Hestamannafélagsins Sörla.
- 10. Tillaga að laganefnd ÍBH og helstu verkefni**  
Samþykkt að skipa eftirfarandi í laganefnd ÍBH:  
Ragnar Hilmarsson Þyt  
Guðrúnu Björk Bjarnadóttur Fimleikafélaginu Björk  
Pórarinn Sófusson Golfklúbbum Setbergi  
Guðrúnu Bergsteinsdóttur Knattspyrnufélaginu Haukum  
Helstu verkefni eru m.a., leggja niður fulltrúastjórn ÍBH, kjósa 7 manna stjórn ÍBH með formanni, halda a.m.k. tvo fulltrúaráðsfundi á ári o.fl. ef þurfa þykir.
- 11. Önnur mál**  
a). SA frá Kvartmíluklúbbum greindi frá framkvæmdum félagsins við gerð sandspyrnuaðstöðu sem áætlað er að taka í notkun 15. október nk.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.00.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.